



Atvinnu og umhverfisnefnd		Dags: 20.10.2010
Tilvísun : AUN - 2	Skráð : HRB	Dreifing: Fundarmenn, sveitarstjóri

Staður: Þingborg, Fimmtudagur kl.: 20:30

Mættir:

Heimir Rafn Bjarkason	HRB	Formaður
Margrét Ormsdóttir	MO	Nefndamaður
Alber Sigurjónsson	AS	Nefndarmaður
Bjarni Sigurðsson	BS	Nefndarmaður
Bjarni Einarsson	HS	Nefndarmaður

Skáletraður texti er frá fyrri fundum.

Liður	Málefni	Framkv.	Lokið
1.	Síðasta fundargerð Síðasta fundargerð undirrituð án athugasemda		
2.	Tekið fyrir erindi frá Svandísi Rætt um framkvæmd þess að taka saman lista. Auðvelt að nálgast og setja saman. Nefnd fagnar þeirri hugmynd að merkja þjónustuaðila/fyrirtæki við vegi. Hinsvegar bendir nefnd á það að það er undir hverjum aðila komið hversu mikið hver vill auglýsa sig og kosta það. Sé það hinsvegar vilji sveitarfélagsins að kortleggja slíkt bendir nefndin á að slíkt þarf að vinna í samráði við sveitarstjórn með hliðsjón af kostnaði.		
3.	Afgreiðsla styrkumsókna Nefnd fagnar því að nýta fjármuni sem fengnir hafa verið í að byggja upp veg að flóaáveitu. Nefndin hvetur hinsvega til þess að verðhugmynda sé leitað víðar til að gefa verktökum innansveitar kost á því að taka þátt.		
4.	Erindi Sorpstöðvar Suðurlands Nefnd leggst ekki gegn því að athuga nánar samstarf við Sörpstöðina vegna urðunarstaða í sveitarfélaginu. Leggur nefnd ríka áherslu á að faglega sé staðið að öllum þáttum málsins og rík sátt við náist við hlutaðeigandi og að umhverfisþættir verði skoðaðir með gagnrýnu hugarfari og		



Atvinnu og umhverfisnefnd		Dags: 20.10.2010
Tilvísun : AUN - 2	Skráð : HRB	Dreifing: Fundarmenn, sveitarstjóri

	<p>njóti vafans í hvívetna. Hugsanleg atvinnutækifæri kynnu að leynast í slíkri starfsemi.</p> <p>Bjarni Einarsson kaus að taka ekki afstöðu sökum hagsmunaáreksturs.</p>		
5.	<p>Ársfundur Umhverfisstofnunar og Náttúruverndarnefnda sveitarfélaga</p> <p>Formaður kynnti fundarboð á ofangreindan fund.</p>		
6.	<p>Fjárhagsáætlun</p> <p>Nefndin óskar eftir því að settur verður liður í fjárhagsáætlun ætlaður í staðbundin sértæk verkefni til að stuðla að og efla atvinnuþróun í sveitarfélaginu að upphæð 3.000.000 kr.</p> <p>Hafa ber í huga að svið nefndarinnar er vítt og er því nauðsynlegt að nefnd finni fyrir og njóti stuðnings sveitarstjórnar í þeim málefnum sem veita þarf brautarfylgi.</p>		
7.	<p>Önnur mál</p> <p>Rætt um umhverfisverðlaun Flóahrepps. Fleira ekki gert og fundi slitið kl 22:57.</p>		
